

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 15. ágúst 2001.*

**Ellert Eiríksson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Hauka – Iðnskólareits“ vegna Haukahrauns 1, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hauka - Iðnskólareit“ vegna Haukahrauns 1, á fundi sínum þann 19. júní 2001.

Breytingin felst í stækkun byggingareits.

Breytingin var í grenndarkynningu 20. júní 2001 – 20. júlí 2001, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstaka aðilar verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 16. ágúst 2001.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

**Hafðís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breyting á skipulagi við Klettás 21-25 (21-27).*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Klettás 21-25 (21-27) í Garðabæ. Í breytingunni felst að íbúðum verður fjölgað úr þremur í fjórar. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Deiliskipulag lóðar fyrir minjaskála við Kirkjulund.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag lóðar fyrir minjaskála við Kirkjulund í Garðabæ. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Endurskoðun deiliskipulags hesthúsabyggðar við Kjóavelli.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt endurskoðun deiliskipulags hesthúsabyggðar við Kjóavelli í Garðabæ. Eldri deiliskipulagstillaga fellur úr gildi. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.